



2 Kennarar sem skilað hafa merku ævistarfi eða á annan hátt hafa skarað framúr

Sólveig Sveinsdóttir kennari í Laugarnesskóla

Dr. Broddi Jóhannesson rektor Kennaraháskóla Íslands skilgreindi skuldbundið lífsstarf á eftirfarandi hátt: „Starfið veltur á viðurkenndum forða sameiginlegrar þekkingar, kunnáttu sem leikni, og sameiginlegu siðgæði starfsmanna. Gæta þeir þess sjálfir án ytri íhlutunar og af því hugarfari að skyldur þeirra við skjólstæðinga sína séu æðri öðrum skyldum.“

Óhætt er að fullyrða að Sólveig Sveinsdóttir kennari, sem hlýtur Íslensku menntaverðlaunin í ár í flokki kennara sem skilað hafa farsælu ævistarfi, hafi unnið í þeim anda sem dr. Broddi kallar „skuldbundið lífsstarf.“ Frá því hún lauk kennaraprófi árið 1968 hefur hún fyrst og fremst starfað sem kennari yngstu barnanna í grunnskólanum og er nú kennari við Laugarnesskóla í Reykjavík. Þar hefur hún starfað í aldarfjórðung.

Sólveig hefur næman skilning á nemendum sínum og þörfum þeirra og nýtur mikils trausts nemenda og foreldra.

Sólveig gætir þess vel að hver einstakur nemandi nýti hæfileika sína og námsgetu til hins ýtrasta og beitir fjölbreyttum kennsluaðferðum um leið og hún tekur mið af áherslum í aðalnámskrá. Hún leggur sig fram um að flétta saman hinar hefðbundnu námsgreinar og mikilvæg grunngildi lífsins, henni er annt um að vekja börnin til vitundar móðurmál sitt, umhverfi og náttúru og leggur mikla rækt við að kenna nemendum að sýna hverju öðru virðingu og traust, hún kennir þeim að leysa úr ágreiningi og bregðast við áreitni. Um leið og hún kemur hinu hefðbundna námsefni til skila til nemenda sinna tekst henni að rækta með þeim lífssýn sanngirni, heiðarleika og virðingar fyrir lífinu sem er gott og

gjöfult þeim sem lifa í sátt og samlyndi, rækta sjálfan sig og hlúa að umhverfi sínu.

Hún hefur verið ötul við að taka þátt í þróunar- og nýbreytnistarfi á sínum vinnustað og hefur allan sinn starfsferil verið vakandi fyrir því að nýta þau tækifæri sem boðist hafa til að skapa hvetjandi námsumhverfi fyrir nemendur sína.

Kennsla Sólveigar Sveinsdóttur og uppeldisstarf í marga áratugi hefur lagt grunn að jákvæðri lífssýn og farsælli skólagöngu þeirra fjölmörgu nemenda sem hafa notið handleiðslu hennar.